



BLAKSAMBAND ÍSLANDS  
ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL  
Engjavegi 6  
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112  
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson  
netfang: bli@bli.is Heimasíða: [www.bli.is](http://www.bli.is) Textavarp síða 339

Reykjavík, 9. desember 2008

## 5. stjórnarfundur BLÍ, þriðjudaginn 9. desember kl. 17.15

### Dagskrá

- Íþróttamenn ársins
- Útbreiðsla / málefni yngriflokka
- Árshátíð / lokahóf
- Tilkyrningar / bréf
- Önnur mál

*Mæting: Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Davíð Búi Halldórsson, Svala Vignisdóttir og Hreggviður Norðdahl. Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir, Harald Ísaksen og Óskar Hauksson boðuðu forföll. Sævar Már Guðmundsson ritaði fundinn.*

### Fundargerð

Jason hóf fundarstörf á að breyta dagskrá og dagskrárlið 3 tekinn fyrir.

### Árshátíð / lokahóf

Ákveðið að bjóða félögunum að sækja um að halda árshátíð og reyna að höfða til liðanna í 2. og 3. Deildinni enda lýkur keppni í neðri deildunum sömu helgina og árshátíðin verður þ.e. 21. mars. Umsóknarfrestur er til 1. Janúar 2009. BLÍ sér um veitingu einstaklingsverðlaun en að öðru leyti sér framkvæmdaraðilinn um hátíðina.

### Íþróttamenn ársins

Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir Tromsö Volley og Vignir Hlöðversson Stjórnunni voru valin blakkona og blakmaður ársins.

Sævar sér um að koma greinargerð um valið til ÍSÍ og fjölmiðla.

### Útbreiðsla og fl.

Umræður urðu um fyrirhugaða yfirlýsingu sem stjórn hyggst senda frá sér og hefur verið kynnt stjórnarmönnum.

Yfirlýsingin má ekki vera svo neikvæð að hún dragi úr áhuga ungra leikmanna að stunda íþróttina. Það er enn mikilvægara en fyrr að koma umfjöllun um íþróttina í fjölmiðla.



**BLAKSAM BAND ÍSLANDS**  
**ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL**  
Engjavegi 6  
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112  
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

**Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson**  
netfang: [bli@bli.is](mailto:bli@bli.is) Heimasíða: [www.bli.is](http://www.bli.is) Textavarp síða 339

---

Brýnasta verk stjórnarinnar er að lækka skuldir sambandsins og því fylgir einhver endurskipulagning á starfseminni.

Ákveðið var að halda fund með liðsmönnum A landsliðanna um leið og ÍSÍ hefur fengið svör frá ríkisvaldinu um styrki. Þá kemur m.a. í ljós hver kostnaðurinn við Smáþjóðaleikana verður. Einnig þarf að ræða breyttar áherslur um landsliðsmál. Rætt var um að aðskilja fjárhag landsliðanna frá fjárhag BLÍ og reka þau sem sjálfstæðar einingar.

Bréf

Bréf frá Blakdeild Fylkis um krakkablað – var vísað til Yngriflokkaneftdar.

Lesið var bréf frá ÍK um reikninga frá ÍBR um húsaleigu vegna deildakeppni.

Bréf barst frá Andra Stefánssyni þess efnis að hýsing á tölvukerfi hefur verið færð frá Getspá til ÍSÍ og þar af leiðandi ekki lengur nein tölvuþjónusta við sérsambönd.

**Fundi slitið kl. 18.30**

Sævar Már Guðmundsson,  
Fundarritari